

ingur milli aðilja um þessa fjárhæð út af fyrir sig. Stefndi hefur haldið eftir 7.5% af þessari fjárhæð, eða kr. 13.917.50. Honum bar hins vegar ekki að standa skil á nema kr. 12.946.00, þ. e. 6.9767% af kr. 185.557.00, með því að söluskattur telst ekki hluti af heildarsöluverði vöru eða þjónustu, sbr. 9. gr. laga nr. 10/1960. Ber stefnda því að greiða stefnanda mismuninn, þ. e. kr. 971.50. Verða úrslit málsins þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda þá fjárhæð með vöxtum, sem eftir öllum atvikum ákveðast 7% ársvextir frá 21. júlí 1969 til greiðsludags. Eftir öllum málavöxtum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt samdómendunum Eggert Kristjánssyni og Guðmundi Skaftasyni, löggiltum endurskoðendum.

Dómsorð:

Stefndi, Sigmar Pétursson, greiði stefnanda, Dönu Jóhannsdóttur, kr. 971.50 með 7% ársvöxtum frá 21. júlí 1969 til greiðsludags.

Málskostnaður fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Priðjudaginn 19. júní 1973.

Nr. 26/1973: Ákærvaldið

(Hallvarður Einvarðsson settur saksóknari
ríkisins)
gegn

Herði Ívarssyni

(Benedikt Blöndal hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Fiskveiðabrot.

Dómur Hæstaréttar:

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð fram nokkur ný gögn.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur Jónas Sigurðsson, skólastjóri Stýrimannaskólans, markað á sjóuppdrátt staðar-

ákvarðanir, sem gerðar voru úr varðskipinu Óðni 15. nóvember 1972 og lýst er í hinum áfrýjaða dómi. Segir svo m. a. í greinargerð skólastjórans:

- „A = staður varðsupsins kl. 0100 h. 15/11 '72. Þá mælist báturinn á stað a um 1,8 sjóm. frá landi eða um 1,2 sjóm. innan fiskveiðimarkanna fyrir togveiðar.
 B = staður varðsupsins kl. 0106. Þá mælist báturinn á stað b um 0,6 sjóm. innan fiskveiðimarkanna.
 C = staður varðsupsins kl. 0113. Þá mælist báturinn á stað c um 0,3 sjóm. innan fiskveiðimarkanna.
 D = staður varðsupsins kl. 0110. Þá mælist báturinn á stað d um 0,2 sjóm. utan fiskveiðimarkanna.
 E = staður varðsupsins kl. 0155 við bátinn. Staður E mælist um 2,2 sjóm. utan fiskveiðimarkanna.

Hraði bátsins miðað við fjarlægðir milli mælistaða reiknast mér þannig: a—b um 6,0 sjóm., b—c um 2,6 sjóm., c—d um 5,0 sjóm. og d—E um 3,0 sjóm.

Við þessa útreikninga er það að athuga, að tíminn milli mælistaða er aðeins tiltekinn með mínútu nákvæmni, auk þess að hér er um stutt tímabil að ræða nema milli d og E. Má því gera ráð fyrir nokkurri ónákvæmni í hraðanum milli mælistaðanna a, b, c og d.

Þó reiknað væri með þeirri fjarlægðarskekkju og miðunarskekkju bátnum í hag, sem framleiðendur Sperry-radars varðsupsins viðurkenna, mundi það gefa stað bátsins um 0.15 sjóm. utar við fyrstu mælinguna. Við hinar mælingarnar mundi það gefa staði bátsins um og innan við 0.1 sjóm. utar.“

Samkvæmt vottorði Seðlabanka Íslands 14. júní 1973 jafngilda 100 gullkrónur 5.089.50 seðlakrónum.

Í rannsókn máls hafa skipstjórnarmenn á varðskipinu Óðni eigi verið prófaðir um veiðiaðgerðir og atferli ákærða á þeim tíma, er ákæran lýtur að, og eigi hafa skipstjórnarmenn og ákærði verið samprófaðir um þetta efni. Með vísan til þessa og gagna máls að öðru leyti þykja ekki fram komnar einhlítar sannanir fyrir því, að ákærði hafi verið að fiskveiðum innan fiskveiðimarkanna á þeim tíma, er í ákæru greinir, og ber að staðfesta héraðsdóm um sýknu af aðalkröfu ákæru-

valds í máli þessu. Sannað þykir samkvæmt játningu ákærða, er fær stoð í vætti vitna og öðrum sakargögnum, að ákærði hafi gerzt sekur um brot það, ólöglegan umbúnað veiðarfæra, sem hann er sakfelldur fyrir í héraðsdómi. Varðar brot hans við 2. gr. laga nr. 62/1967, nú 4. gr., sbr. 4. gr. laga nr. 21/1969, sbr. enn fremur 2. gr. D 2, sbr. D 1 laga nr. 21/1969, sbr. að því er varðar síðast greinda tilvitnun 1. gr. laga nr. 89/1971, er þá giltu, nú lög nr. 101/1972, svo og 4. gr. reglugerðar nr. 189/1972, sbr. lög nr. 44/1948 og lög nr. 81/1952. Er heimilt að dæma ákærða áfall samkvæmt öðrum ákvæðum en 2. gr. laga nr. 62/1967, svo sem skýra ber ákæruskjal vegna tengsla aðalkröfu og varakröfu og með vísan til 3. málsg. 118. gr. laga nr. 82/1961, enda var málið flutt á þeim grundvelli fyrir Hæstarétti. Svo sem greinir í héraðsdómi, sætti ákærði refsisdómi fyrir fiskveiðabrot innan fiskveiðimarkna með dómi sakadóms Vestmannaeyja 27. september 1971, birtum samdægurs. Með vísan til þess og sakferlis ákærða í máli þessu þykir refsing hans samkvæmt 2. mgr. 4. gr. laga nr. 62/1967, nú 2. málsg. 5. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 21/1969, og 7. gr., nú 8. gr. laga nr. 62/1967, sbr. 7. gr. laga nr. 21/1969 og 6. gr. reglugerðar nr. 189/1972 hæfilega ákveðin 40.000 króna sekt í Landhelgissjóð Íslands, og komi 20 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún er eigi goldin innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um upptöku afla og veiðarfæra v/b Kópaness, RE 8, í umræddri veiðiferð, sbr. 2. málsg. 4. gr. laga nr. 62/1967, nú 2. málsg. 5. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 21/1969, enda er brot ítrekað. Enn fremur ber að staðfesta ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 15.000.00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, kr. 15.000.00.

Rannsókn máls þessa er eigi svo vönduð sem skyldi.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Hörður Ívarsson, sæti 40.000 króna sekt til

Landhelgisjóðs Íslands, og komi 20 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún greiðist eigi innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku afla og veiðarfæra v/b Kópaness, RE 8, á að vera óraskað svo og ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar.

Ákærði, Hörður Ívarsson, greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 15.000.00, og málsvarnarlaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Benedikts Blöndals hæstaréttarlögmanns, kr. 15.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu 18. nóvember 1972.

Ár 1972, laugardaginn 18. nóvember, var í sakadómi Gullbringu- og Kjósarsýslu, sem haldinn var í dómssal embættisins af Sigurði Halli Stefánssyni ásamt meðdómsmönnum Árna Sigurðssyni og Þorsteini Eyjólfsyni, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 1206/1972: Ákærvaldið gegn Herði Ívarssyni.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er með ákæru saksóknara ríkisins, sem útgefin er í dag, höfðað á hendur Herði Ívarssyni, Háaleitisbraut 48 í Reykjavík, skipstjóra á vélbátnum Kópanesi, RE 8, fyrir fiskveiðibrot:

„*Aðallega* — samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu nr. 62/1967, sbr. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 21/1969 um breyting á þeim lögum, sbr. lög nr. 89/1971 og 1. mgr. 1. gr. og 3. gr. reglugerðar nr. 189/1972 um fiskveiðilandhelgi Íslands með því að hafa verið á botnvörpuveiðum á nefndum báti laust eftir miðnætti aðfaranótt miðvikudagsins 15. nóvember 1972 við Ingólfshöfða á svæði innan fiskveiðilandhelgi Íslands, eins og hún er ákveðin í 1. gr. nefndrar reglugerðar nr. 3/1961, þar sem botnvörpuveiðar eru með öllu bannaðar, sbr. einkum C 1 og C 2 liði 2. gr. nefndra laga nr. 21/1969, sbr. þau lög að öðru leyti og reglugerðir nr. 3/1961, 87/1958, 4/1961, og 29/1964 og auglýsingu nr. 4/1961.

Til vara — samkvæmt 2. gr. laga um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu nr. 62/1967 með því að hafa samkvæmt framangreindu eigi haft þar og þá veiðarfæri í búlka innanborðs.

Ákæríst því nefndur Hörður Ívarsson til að sæta refsingu — aðallega samkvæmt 1. mgr. 4. gr., nú 5. gr., laga nr. 62/1967, en til vara samkvæmt 2. mgr. sömu greinar og 6. gr., nú 7. gr., sbr. 7. gr., nú 8. gr., laga nr. 62/1967, sbr. 5. gr. laga nr. 21/1969 og til að sæta upptöku afla og veiðarfæra nefnds báts og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Ákærði er sakhæfur, fæddur hinn 19. júní 1935 að Melanesi, Rauðasandshreppi, Vestur-Barðastrandarsýslu, og hlaut hann með dómi, uppkveðnum í Vestmannaeyjum 27. september 1971, 40.000.00 króna sekt fyrir ólöglegar fiskveiðar innan fiskveiðilandhelgi Íslands. Hann hefur ekki, svo kunnugt sé, sætt öðrum kær-um eða refsingum.

Málavextir eru þeir samkvæmt skýrslu Sigurðar Þorkels Árnasonar, skipherra á varðskipinu Óðni, að miðvikudaginn 15. nóvember 1972 var m/b Kópanes, RE 8, staðinn að ætluðum ólöglegum togveiðum undan Ingólfshöfða. Nánari málsatvik voru sem hér greinir:

„Miðvikudaginn 15. nóvember 1972 var varðskipið á eftirlitsferð við Ingólfshöfða. Um kl. 0050 var tekið eftir fiskibáti skammt SA af Ingólfshöfða.

Kl. 0100 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun:

Báturinn miðast r/v 059° fjarl. 8.4 sml.

Ströndin V-við Ingólfshöfða fjarl. 4.2 sml.

V-kantur Ingólfshöfða fjarl. 6.9 sml.

Gefur það stað bátsins um 1.8 sml. frá landi.

Kl. 0106 var staðarákvörðunin endurtekin:

Báturinn miðast r/v 061° fjarl. 6.85 sml.

Ströndin V-við Ingólfshöfða fjarl. 3.6 sml.

V-kantur Ingólfshöfða fjarl. 5.3 sml.

Gefur það stað bátsins um 2.3 sml. frá landi.

Kl. 0113 var staðarákvörðunin endurtekin:

Báturinn miðast r/v 063° fjarl. 5.65 sml.

Ströndin V-við Ingólfshöfða fjarl. 3.2 sml.

V-kantur Ingólfshöfða fjarl. 4.2 sml.

Gefur það stað bátsins um 2.7 sml. frá landi.

Kl. 0119 var staðarákvörðunin endurtekin:

Báturinn miðast r/v 065° fjarl. 4.4 sml.

V-kantur Ingólfshöfða miðast r/v 007° fjarl. 3.2 sml.

Gefur það stað bátsins um 3.2 sml. frá landi.

Kl. 0158 var komið að m/b Kópanesi, RE 8, sem var að toga með stb. vörpu. Staður:

A-kantur Ingólfshöfða miðast r/v 303° fjarl. 5.2 sml. Dýpi 62. Gefur það stað bátsins um 5.2 sml. frá landi.

Haft var samband við skipstjóra bátsins og honum sagt að hífa inn vörpuna. Aðspurður neitaði hann að hafa verið að ólöglegum togveiðum. Var honum þá sagt að fara til Grindavíkur, þar sem frekari rannsókn í máli hans færi fram í Reykjavík. Skömmu síðar hélt báturinn áleiðis til Grindavíkur, en varðskipið snéri til annarra starfa.

Veður: ANA — 4—5 vindstig, léttskýjað.

Mælingar voru framkvæmdar af skipherra, I., II. og III. stýrimanni varðsupsins með ratsjá, sem er af gerðinni SPERRY MK-16 og gyróáttavita, sem er af gerðinni SPERRY MK E 1.“

Rannsókn málsins hér fyrir dómi hófst fimmtudaginn 16. nóvember s.l., og komu þá fyrir dóminn ákærði og vitnin Jakob Ólafsson, stýrimaður á m/b Kópanesi, og Rasmus Andreas Rasmussen, 2. vélstjóri á m/b Kópanesi.

Ákærði kvaðst hafa haldið til botnvörpuveiða frá Grindavík síðdegis laugardaginn 11. nóvember s.l. og siglt beint austur á Ingólfshöfðasvæðið, 18—22 tíma siglingu, hafið þar veiðar um hádegisbilið á sunnudaginn og verið síðan að veiðum á Ingólfshöfðasvæðinu, en þó utan þriggja mílna markanna. Hann kvaðst síðla þriðjudagskvöldið 14. nóvember s.l. hafa togað meðfram hraunkanti, sem liggur nokkurn veginn beint á strandlínuna, en er hann var kominn upp undir þriggja mílna mörkin, kvaðst hann hafa beygt í NaA og togað þannig nokkra stund, örugglega utan fiskveiðimarkanna, unz varpan var hífð upp klukkan 2330—2345, en þá hafi komið í ljós, að fótreiði vörpunnar var slitið, og hafi hann ásamt öðrum af áhöfninni unnið í u. þ. b. 50—60 mínútur við að gera við fótreiðið og dytta að vörpunni að öðru leyti. Á meðan hafi bátinn rekið nær landi og hafi forvængur verið utan á síðu svo og báðir hlerar. Hann kvaðst að viðgerð lokinni hafa farið upp í stýrishús og þá séð í ratsjanni, að báturinn var kominn inn fyrir fiskveiðimörkin. Kvaðst hann þá hafa sett á ferð og siglt hæga ferð út fyrir mörkin, en á meðan hafi áhöfnin verið að vinna við aðgerð aflans, sem var eitthvað af ýsu og kola. Ákærði kvað lausan fjarlægðarhring ratsjár bátsins hafa verið stilltan á 3 sjómílur og hafi hann látið kasta vörpunni í sjó, er hringurinn var vel laus frá landi í ratsjárskerminum og báturinn sennilega 3.2 sjómílur frá landi. Er kastað var, hafi klukkan sennilega verið 0115—0120. Síðan kvað hann hafa verið að toga í SA, en hann hafi fljótlega orðið var við varðskip,

sem lýsti á báta, sem voru á svipuðum slóðum, aðallega í NA frá Kópanesi. Hann kvaðst hafa togað í u. þ. b. eina klukkustund í SA, en á þeirri leið hafi varðskip siglt að bátnum, lýst hann upp og siglt heilan hring í kringum hann án þess þó að stöðva hann. Hann kvaðst þá hafa litið í ratsjána og séð, að báturinn var 5.2—5.3 sjómíli frá Ingólfshöfða. Er togað hafði verið nokkra stund áfram, fyrst í sömu stefnu, en síðan í vestur, kvað ákærði varðskipsmenn hafa kallað sig upp í örbylgjustöð og fyrirskipað, að varpan yrði hífð upp, og nokkru síðar var honum sagt að sigla til útgerðarhafnar vegna ætlaðs fiskveiðibrots.

Jakob Ólafsson kvað sér ekki vera kunnugt um, hvort m/b Kópanes hefði verið að ólöglegum fiskveiðum í umrætt sinn. Hann kvað hafa komið í ljós, er varpan var hífð upp, einhvern tímann kl. 2300—2400 þriðjudaginn 14. nóvember s.l., að fótreiði var slitið og varpan eitthvað rifin að öðru leyti. Hann kvað afturvænginn hafa verið tekinn inn og síðan hafi öll áhöfnin unnið að viðgerðum í u. þ. b. 40 mínútur. Hann kvað sig minna, að bátnum hafi eitthvað verið „lónað“ að lokinni viðgerð, en mundi ekki í hvaða átt. Að skammri stundu liðinni hafi vörpunni verið kastað, en hann farið að sofa strax eftir það og sofið, þar til ákærði vakti hann og sagði honum, að komið væri varðskip, sem hefði fyrirskipað, að hífa ætti vörpuna. Hann kvað sig minna, að klukkan hafi þá verið eitthvað um 0230. Aðspurður hafi ákærði þá sagt bátinn vera rúmar 5 míli frá landi. Hann kvaðst hafa farið strax á þilfar, en þá hafi varðskipið ekki verið sjáanlegt. Eftir þetta hafi varpan verið hífð upp og hlerar teknir inn og síðan siglt vestur til Grindavíkur.

Rasmus Andreas Rasmussen kvaðst ekkert geta sagt um, hvort m/b Kópanes hafi verið að ólöglegum veiðum í umrætt sinn. Hann kvaðst hafa unnið að viðgerðum á fótreiði og vörpunni að öðru leyti um miðnætti, en síðan hafi verið „lónað“ í nokkra stund og eftir það hafi vörpunni verið kastað. Er búið var að toga í nokkra stund, kvaðst hann hafa séð ljóskastara varðskip beint að báti. Hann kvaðst hafa farið að sofa, er lokið var aðgerð á fiski úr síðasta togi, en klukkan u. þ. b. 0300 hafi ákærði vakið hann og sagt, að varðskip hefði fyrirskipað að varpan skyldi hífð upp. Kvaðst hann hafa farið upp á þilfar, en ekki séð varðskip. Varpan hafi þá verið tekin inn og síðan siglt til heimahafnar, sennilega klukkan um 0400.

Í dag komu fyrir dóminn og báru vætti yfirmenn varðskipisins Öðins. Jafnframt var dómendum sýnt í skipinu, hvernig mæling-

ar voru framkvæmdar svo og hvernig útbúnaður ratsjárinnar var notaður til að fyrirbyggja, að um rugling á einstökum bátum gæti verið að ræða, þótt fylgzt væri með mörgum í senn, þ. e. á þann hátt, að yfir ratsjárskermnum er gagnsætt teikniborð, sem á var unnt að marka staði bátanna miðað við varðskipið og breytingar á afstöðu hvers einstaks í afstöðu við varðskipið óslitið, þar til að þeim var komið.

Sigurður Þorkell Árnason skipherra staðfesti skýrslu sína og kvaðst að eigin raun geta borið um allt það, er þar greinir utan staðarákvörðun, er gerð var klukkan 0158. Hann kvað 2. stýrimann hafa sett út staði bátsins í sjókort, en hann síðan yfirfarið mælingarnar og hafi þær reynzt réttar. Hann kvað varðskipsmenn fyrst hafa orðið vara við 6 báta á þessum slóðum, sem þeir töldu vera innan fiskveiðitakmarkanna, og hafi verið siglt að þeim öllum, þeir lýstir upp og tekin niður nöfn þeirra og athafnir, en síðan hafi verið siglt að sjöunda bátnum, sem var nokkuð frá hinum, en ekki reynzt vera ásæða til neinna aðgerða gagnvart honum. Þá hafi verið siglt aftur að hinum bátunum og verið farið að setja út staði þeirra. Eftir það hafi verið kallað til bátanna og hafi sennilega liðið um klukkustund frá því komið var að bátunum upphaflega, þar til þeir voru kallaðir upp. Hann kvað alla bátana hafa verið með vinnuljós á þilfari, en ekki hafi sézt, hvort þeir voru með togljós, meðan á aðför stóð, og hann kvaðst ekki hafa veitt því athygli, er komið var að þeim.

Sigurjón Hannesson, 1. stýrimaður, staðfesti skýrslu skipherrans rétta, að svo miklu leyti sem hann gat um borið, en hann kom til mælinga, nokkru eftir að þær voru hafnar, og mældi staði bátsins klukkan 0113 og eftir það ásamt 2. stýrimanni, en skipherrann fylgdist með mælingunum, og 3. stýrimaður skráði þær niður. Hann kvað hverja einstaka mælingu á bátum þeim, er fylgzt var með í umrætt sinn, hafa tekið um hálfa mínútu.

Sigurjón Ingi Sigurjónsson, 2. stýrimaður, kvaðst hafa unnið að öllum mælingunum með aflestri á ratsjá, fyrst með skipherranum, en frá og með þriðju mælingu með 1. stýrimanni, en undir umsjón skipherrans. Hann kvaðst hafa fært út staði bátsins á sjókort í samræmi við staðarákvarðanir, en skipherrann síðan yfirfarið útsetningarnar.

Framangreind vitni unnu öll eið að vætti sínum.

Er virt er það, sem fram hefur komið við rannsókn málsins, þykja sönnur skorta fyrir því, að ákærði hafi gerzt sekur um botnvörpuveiðar í umrætt sinn á svæði, þar sem slíkar veiðar eru

bannaðar og frá er greint í ákæruskjali. Ber því að sýkna ákærða af aðalkröfu ákæruvaldsins. Hins vegar þykir sannað með fram-
burði ákærða og vætti vitna, að hann hafi gerzt brotlegur við 2.
gr. laga nr. 62/1967, sbr. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 21/1969, sbr. lög
nr. 89/1971 og 4. gr. reglugerðar nr. 189/1972, sbr. 3. mgr. 118.
gr. laga nr. 82/1961, með því að hafa eigi haft veiðarfæri í búlka
innanborðs í vélbátnum Kópanesi, RE 8, laust eftir miðnætti að-
faranótt miðvikudagsins 15. nóvember 1972 við Ingólfshöfða á
svæði innan fiskveiðilandhelgi, eins og hún er ákveðin í 1. gr.
reglugerðar nr. 3/1961, þar sem botnvörpuveiðar eru með öllu
bannaðar, sbr. einkum C 1 og C 2 liði 2. gr. laga nr. 21/1969,
sbr. þau lög að öðru leyti og reglugerðir nr. 3/1961, 87/1958, 4/
1961 og 29/1964 og auglýsingu nr. 4/1961.

Vélbáturinn Kópanes, RE 8, er 105 brúttórúmllestir.

Gullgildi íslenzkrar krónu er nú þannig, að 100 gullkrónur jafn-
gilda 4335.16 pappírskrónum.

Refsing ákærða þykir samkvæmt 2. mgr. 4. gr., nú 5. gr., og
7. gr., nú 8. gr., laga nr. 62/1967, sbr. 5. gr. laga nr. 21/1969,
hæfilega ákveðin kr. 25.000.00 sekt í landhelgissjóð Íslands, og
komi 15 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd
innan 4 vikna frá uppsögu dóms þessa.

Upptæk skulu gerð til Landhelgissjóðs Íslands allur afli og veið-
arfæri, þar með taldir dragstrengir, vélbátsins Kópaness, RE 8, í
veiðiferð 11.—15. nóvember 1972.

Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar
með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 6.000.00, og málsvarnar-
laun skipaðs verjanda síns, Benedikts Blöndals hæstaréttarlög-
manns, kr. 12.000.00.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Hörður Ívarsson, greiði krónur 25.000.00 sekt í
Landhelgissjóð Íslands, og komi varðhald 15 daga í stað sekt-
arinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá uppsögu dóms
þessa.

Allur afli og veiðarfæri vélbátsins Kópaness, RE 8, þar með
taldir dragstrengir, í veiðiferð 11.—15. nóvember 1972 skulu
vera upptæk til Landhelgissjóðs Íslands.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin sak-
sóknarlaun í ríkissjóð, kr. 6.000.00, og málsvarnarlaun Bene-
dikts Blöndals hæstaréttarlögmanns, kr. 12.000.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.